

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300272/bs

### **Fiskeldi Íslandsbleikju ehf. í Grindavík - fyrirhuguð breyting á fiskeldi, eldisrými verður stækkað og framleiðslumagn aukið úr 1600 í 3000 tonn - umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að stækka núverandi eldi í þremur áföngum úr 1600 tonna ársframleiðslu í 3000 tonna ársframleiðslu. Bætt verður við alls 22 steiptum hringlaga kerjum. Þessar framkvæmdir gera kleift að endurnýta hluta af eldisvatninu, en markmið framkvæmdaraðila er að nýta vatn í stöðinni sem allra best bæði varma og magn.

Ráðgert er að hreinsun kerja fari eingöngu fram með háþrýstipvotti.

Framkvæmdaraðili stefnir að því að vera áfram með sjálfbæra, vistvæna „all natural“ framleiðslu þar sem engin lyf eða efni eru notuð við eldið. Ráðgert er að stækka stöðina í þremur áföngum. Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 3000 tonnum af bleikju yrði tæp 400 tonn (342 tonn af kolefni, 39 tonn af köfnunarefni og 18 tonn af fosfór).

Landfræðilegar aðstæður á Stað eru þannig að þar er mikil ölduhæð og sterkir straumar sem tryggja hraða endurnýjun vatns og því telur framkvæmdaaðili hverfandi hættu á uppsöfnun næringarefna við útrás eldisins.

Hér er um viðbót við núverandi starfsemi á iðnaðarlóð að ræða.

Vatnstaka verður í samráði við Orkustofnun. Ekki er gert ráð fyrir að aukin vatnstaka hafi afgerandi áhrif á grunnvatnsstöðu.

Fram kemur í greinargerð að Íslandsbleikja er með virka vöktunaráætlun sem er í samræmi við kröfur í gildandi starfsleyfi og bandarískra kaupenda af bleikju, en þær kröfur eru strangari en kröfur Umhverfisstofnunar.


Niðurstæða: Hér er um að ræða viðbót við starfsemi sem þegar er til staðar. Framkvæmdir verða eingöngu innan núverandi iðnaðarlóðar. Vatnstaka eykst, en jafnframt endurnýting vatns. Losun eykst í hlutfalli við aukningu framleiðslu, en mikil ölduhæð og sterkir straumar við ströndina tryggja hraða endurnýjun og telur framkvæmdaraðili litla hættu á uppsöfnun næringarefna vegna losunar frá fiskeldinu. Fram kemur í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar sem aðgengileg er á heimasíðu stofnunarinnar að ekki komu fram frávik frá starfsleyfi í eftirliti stofnunarinnar með starfsemi Íslandsbleikju árið 2013.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting og stækkun á fiskeldi Íslandsbleikju í Grindavík muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að sækja verður um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar vegna framleiðsluaukningarinnar.

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur